

SV: Framkvæmdaleyfi - hádegissteinn

Til : Axel Rodriguez Överby
Frá : Málfríður K Kristiansen <malfridur@skipulag.is>
CC : Ottó Björgvin Óskarsson <ottobjorgvin@skipulag.is>
Heiti : SV: Framkvæmdaleyfi - hádegissteinn
Málsnúmer : 2017080037
Málsaðili : Veðurstofa Íslands
Skráð dags : 27.08.2018 16:04:03
Höfundur : Málfríður K Kristiansen <malfridur@skipulag.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Sæll Axel.

Náði ekki í þig í síma.

Um er að ræða nauðsynlega framkvæmd vegna náttúruvár svo málið er nokkuð sérstakt.

Ég tel að þú getir grenndarkynnt framkvæmdaleyfisumsóknina skv. skipulagslögum og auk þess mæli ég með að framkvæmdin verði kynnt almennt fyrir bæjarbúum, svo sem með fundi / grein í bæjarblöðum etc.

Hugsanlega getið þið reynt að óska eftir samþykki þeirra lóðarhafa sem málið varðar mest, ef nauðsynlegt er að flýta málsmeðferð.

Mikilvægt er að í framkvæmdaleyfisumsókninni / framkvæmdaleyfisskýrðum, verði vel gerð grein fyrir frágangi á svæðinu að framkvæmdum loknum.

Með kveðju,

Málfríður

Málfríður K Kristiansen

sviðsstjóri, svið deiliskipulags / Division Head, Neighbourhood and Site Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
malfridur@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Frá: Axel Rodriguez Överby

Sent: þriðjudagur, 21. ágúst 2018 16:08

Til: Málfríður K Kristiansen

Efni: Framkvæmdaleyfi

Sæl Málfríður

Ég þyrfti að fá að taka púlsinn í síma, varðandi þetta erindi sem er í viðhengi.

Í minnisblaði Veðurstofu Íslands dags. 21.08.2017 segir m.a. eftirfarandi „Ljóst er að Hádegissteinn er á hreyfingu og gæti hrunið niður í byggðina við Dalbraut og neðan hennar fyrirvaralaust.

Ég velti fyrir mér útgáfu framkvæmdaleyfis. Nú er ekki verið að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli deiliskipulags, né ASK. Hvaða leiðir eru mér færar í þessu.

Bæjarráð hefur áður bókað um þetta erindi á þennan hátt þ.e.

Fundur: Bæjarráð - 999 (18.12.2017) - Hádegissteinn í Bakkahyrnu ofan Hnífsdals

Dags: 18.12.2017

Inngangur: Lagður fram tölvupóstur, dagsettur 8. nóvember 2017, frá Hafsteini Steinarssyni, fulltrúa Framkvæmdasýslu ríkisins og minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dagsett 12. desember 2017, varðandi Hádegisstein í Hnífsdal. Í tölvupóstinum eru færð rök fyrir því að sprengja steininn frekar en festa hann niður.

Niðurst.: Bæjarráð samþykkir að Hádegissteinn verði fjarlægður og að FSR verði falið að ná samningum við lægstbjóðanda.

Væri hægt að vísa til ákvæða í skipulagsreglugerð, vegna náttúruváar og bókun bæjarráðs. Ég fæ kannski að heyra í þér við tækifæri.

Bestu kveðjur/Best regards

Axel Rodriguez Överby

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular region - *Lonely Planet*
Vestfirðir eru handhafar European destination awards og voru valdir sem eitt af 10 áhugaverðustu svæðunum í heiminum af *Lonely Planet*.

Ísafjarðarbær

Stjórnsýsluhúsinu

Pósthólf 56, 400 Ísafjörður

Sími: 450 8000, fax: 450 8008

Netfang: axelov@isafjordur.is

Vefur: www.isafjordur.is